

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B120-124

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1994 og 1997.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

**B 120-124**

**Nr. 791-819**

**2004**

## Efnisyfirlit B 120-124 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
791	29. sept.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	1969-1970
792	28. sept.	Reglugerð um móttöku á úrgangi frá skipum .....	1970-1975
793	29. sept.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	1976
794	30. sept.	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka .....	1977
795	28. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1978
796	1. okt.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Grundartangahafnar vegna hafnarverndar, nr. 749/2004 .....	1979
797	4. okt.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1980
798	5. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 521/2004, um láns- hlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa .....	1981
799	27. sept.	Auglýsing um breytingu á samþykktu deiliskipulagi á Völlum, Ölfusi .....	1982
800	28. sept.	Reglugerð um umskipun olíu á rúmsjó .....	1982-1985
801	28. sept.	Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum .....	1986-1991
802	14. sept.	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Reykjanesbæ .....	1991-1998
803	30. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Vesturtún 2-4-6, Álftanesi .....	1998
804	27. sept.	Reglugerð um fóstur .....	1999-2009
805	30. sept.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag fyrir „Velli 3. áfanga“ í Hafnarfirði .....	2009
806	29. sept.	Reglugerð um takmörkun á krómi í sementi .....	2010-2011
807	20. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ .....	2011-2012
808	11. okt.	Auglýsing sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deili- skipulags .....	2012
809	28. sept.	Reglur um brottfellingu reglna nr. 164/1997, um bílalyftur og búnað þeirra .....	2012
810	28. sept.	Reglugerð um brottfellingu reglugerðar nr. 557/1995, um eftirlit með framkvæmd hættumats í iðnaðarstarfsemi .....	2013
811	28. sept.	Reglur um brottfellingu reglna nr. 612/1989, um tilkynningu vinnuslysa .....	2013
812	28. sept.	Reglur um brottfellingu reglna nr. 503/1994, um lyfti- og flutningabúnað (Sameiginleg ákvæði) .....	2013
813	28. sept.	Reglur um brottfellingu reglna nr. 330/1989, um króm í sem- enti .....	2014
814	3. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi .....	2014
815	20. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um hafnarfríkisefirlit með sjóflutningum nr. 589/2003 .....	2014-2015
816	23. sept.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suð- urnesjasvæði .....	2015-2020

Framhald á 3. kápusíðu.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2004

29. september 2004

1969

Nr. 791

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn kg</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr/kg</b>
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	30
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.10.04-10.10.04	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál	11.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.04-17.10.04	ótilgr.	0	193
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	18.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. september 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um móttöku á úrgangi frá skipum.

## 1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og hugtaka sem hér segir:

*Farmleifar:* leifar hvers konar farms um borð í skipum, í lestum eða tönkum, sem verða eftir að lokinni affermingu og hreinsun, þar með talið umframmagn og leki í tengslum við fermingu eða affermingu.

*Fiskiskip:* hvert það skip sem er útbúið eða notað til fiskveiða eða til að afla annarra lifandi auðlinda sjávar í atvinnuskyni.

*Höfn:* svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.

*MARPOL-samningurinn:* alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá árinu 1973, ásamt bókun frá árinu 1978 (MARPOL 73/78).

*Móttökuaðstaða í höfnum:* hvers konar aðstaða, hvort sem hún er föst, fljótandi eða hreyfanleg, sem nota má til að taka á móti úrgangi frá skipum og farmleifum.

*Skemmtibátur:* skip af hvaða gerð sem er ætlað til íþróttar eða tómsunda, óháð tegund búnaðar til að knýja skipið áfram.

*Skip:* sérhvert fljótandi far.

*Úrgangur frá skipum:* allur úrgangur, þar með talið skolp og leifar aðrar en farmleifar, sem verður til við störf um borð í skipi og fellur undir gildissvið I., IV. og V. viðauka við MARPOL-samninginn, svo og farmtengdur úrgangur eins og hann er skilgreindur í leiðbeiningum um framkvæmd V. viðauka við MARPOL-samninginn.

## 3. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um öll íslensk skip og um öll önnur skip sem koma til hafnar á Íslandi, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

Reglugerðin gildir jafnframt um allar íslenskar hafnir.

Ákvæði 6. gr. á ekki við um fiskiskip og um skemmtibáta sem mega einungis flytja 12 farþega eða færri.

## 4. gr.

*Móttökuaðstaða í höfnum.*

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja viðunandi móttökuaðstöðu í höfnum, sbr. þó 9. gr. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn og skal þannig frá henni gengið að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum töfum.

Hafnaryfirvöld geta falið fyrirtækjum eða þjónustuaðilum að sjá um móttöku á úrgangi frá skipum.

## 5. gr.

*Áætlanir hafna.*

Hafnaryfirvöld skulu gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. og viðauka I. Við gerð áætlunar skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, einkum notendur hafna eða fulltrúa þeirra.

Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti og eftir meiri háttar breytingar á rekstri hafnarinnar.

Heimilt er að gera sameiginlega áætlun fyrir stærrí svæði með viðeigandi þátttöku hvernar hafnar að því tilskildu að gerð sé sérstaklega grein fyrir hverri höfn í áætluninni.

Umhverfisstofnun staðfestir áætlun um meðhöndlun og móttöku úrgangs og farmleifa.

## 6. gr.

*Tilkynningar.*

Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar í skipum, sbr. viðauka II, sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til viðkomandi hafnaryfirvalda:

- a) með 24 klukkustunda fyrirvara við komu til hafnar ef viðkomuhöfnin er þekkt; eða
- b) um leið og viðkomuhöfnin er ákveðin ef 24 klukkustunda fyrirvari næst ekki; eða
- c) fyrir brottför frá fyrri höfn ef sjóferðin er skemmri en 24 klukkustundir.

Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu geymdar um borð þangað til komið er til næstu viðkomuhafnar.

Hafnaryfirvöld skulu fyrir 1. mars ár hvert senda Umhverfisstofnun samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem þeim hafa borist árið á undan.

## 7. gr.

*Afhending úrgangs frá skipum.*

Skipstjóri ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipinu sé skilað í móttökuaðstöðu áður en látið er úr höfn.

Skipi er þó heimilt að halda til næstu viðkomuhafnar án þess að afhenda úrgang ef sýnt er fram á með upplýsingum skv. 6. gr. og viðauka II að nægilegt sérhæft geymslurými sé

um borð fyrir þann úrgang sem safnast hefur fyrir og mun safnast fyrir meðan á fyrirhugaðri ferð til afhendingarhafnar stendur.

Ef gildar ástæður eru til að ætla að fullnægjandi aðstaða sé ekki fyrir hendi í fyrirhugaðri afhendingarhöfn eða ef höfnin er óþekkt og því hætt á losun úrgangsins í sjó geta eftirlitsaðilar krafist afhendingar úrgangsins frá skipinu fyrir brottför. Láti skip úr höfn eigi að síður án afhendingar úrgangs skal eftirlitsaðili tilkynna það Umhverfisstofnun.

8. gr.

*Gjaldtaka.*

Hafnarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta sérstakt úrgangsgjald fyrir móttöku úrgangs og farmleifa í höfnum sem standa á undir kostnaði við meðferð og förgun úrgangsins. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við veitingu þjónustunnar. Gjöldin geta verið að hluta tengd tegund og magni úrgangs frá skipum og að hluta flokki, gerð, búnaði og stærð skips.

Til að tryggja að gjöldin séu sanngjörn, gagnsæ og endurspegli kostnað vegna þess búnaðar og þjónustu sem veitt er skulu notendur hafnanna hafa aðgang að upplýsingum um þann grundvöll sem gjöldin eru byggð á.

Heimilt er að lækka úrgangsgjaldið ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips eru með þeim hætti að skipstjóri þess geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð.

9. gr.

*Undanþágur.*

Skip í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum, eru undanþegin skuldbindingum um tilkynningar, skil og gjaldtöku sem um getur í 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 8. gr., þegar fyrir hendi er fyrirkomulag sem tryggir afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.

Umhverfisstofnun getur veitt litlum höfnum undanþágu frá því að koma upp eða tryggja rekstur móttökuadstöðu fyrir skulp ef slík þjónusta er fyrir hendi í nærliggjandi höfn.

10. gr.

*Umsjón og eftirlit.*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar. Stofnunin skal gera leiðbeiningar um skil á upplýsingum skv. 3. mgr. 6. gr.

Umhverfisstofnun getur falið heilbrigðisnefndum sveitarfélaga eða faggiltum skoðunaradílum eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar í samræmi við sérstakt samkomulag þar að lútandi, sbr. 2. og 3. ml. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

11. gr.

*Ágreiningur.*

Ágreiningi um framkvæmd reglugerðarinnar er heimilt að vísa til úrskurðar umhverfisráðherra.

12. gr.

*Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.*

Um beitingu þvingunarúrræða og dagsekta, refsiviðurlög, sektir og farbann fer samkvæmt V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

13. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í k- og l-lið 6. og 11. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2000/59/EB, sem vísað er til í tl. 56i í V. kafla, XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2001, þann 19. júní 2001, og með hliðsjón af tilskipun 2002/84/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. október 2004.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda ekki um eldri skip eins og þau eru skilgreind í IV. viðauka MARPOL-samningsins, eins og honum var breytt 1. apríl 2004, hvað varðar skolp og seyru, fyrr en 27. september 2008.

Hafnaryfirvöld skulu semja fyrstu áætlun um meðhöndlun og móttöku úrgangs, sbr. 5. gr., fyrir 1. október 2005.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. september 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

VIÐAUKI I

**Áætlun hafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.**

Áætlun skal taka til allra tegunda úrgangs og farmleifa frá skipum sem venjulega koma til viðkomandi hafnar og þær skulu taka mið af stærð hafnarinnar og gerð skipa sem hafa þar viðkomu.

Í áætlun skulu eftirtalin koma fram:

- mat á þörf fyrir móttökuaðstöðu miðað við þarfir þeirra skipa sem venjulega koma til hafnarinnar;
- lýsing á gerð og geymslurými móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- nákvæm lýsing á verklagsreglum við móttöku og söfnun úrgangs frá skipum og farmleifa;
- lýsing á gjaldtöku;
- málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað móttökuaðstöðu hafna;
- málsmeðferðarreglur um stöðugt samráð við notendur hafnar, verktaka sem meðhöndla úrgang, rekstraraðila hafnarinnar og aðra hagsmunaaðila; og
- tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á mótí og meðhöndlað.

Að auki skal eftirfarandi koma fram í áætlun:

- samantekt um viðeigandi löggjöf og formsatriði við afhendingu;
- upplýsingar um hvaða einstaklingur eða einstaklingar bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar;
- lýsing á búnaði og ferlum við formeðferð úrgangs og farmleifa í höfninni ef um slíkt er að ræða;



- lýsing á aðferðum við skráningu raunverulegrar notkunar á móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- lýsing á aðferðum við skráningu á magni úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti; og
- lýsing á aðferðum við losun úrgangs frá skipum og við losun farmleifa.

Verklagsreglur við móttöku, söfnun, geymslu, meðhöndlun og förgun eiga að öllu leyti að vera í samræmi við umhverfisstjórnunarkerfi sem hentar vel til þess að draga smám saman úr umhverfisáhrifum slíkra aðgerða. Gert er ráð fyrir slíku samræmi ef verklagsreglurnar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB.

*Aðgengilegar upplýsingar fyrir notendur hafna:*

- stutt tilvísun í grundvallarþýðingu réttar afhendingar úrgangs frá skipum og farmleifa;
- staðsetning móttökuaðstöðu hvers skipalægis með teikningu/korti;
- skrá yfir helstu tegundir úrgangs frá skipum og farmleifa sem að jafnaði koma til afgreiðslu;
- skrá yfir tengiliði, rekstraraðila og þá þjónustu sem er í boði;
- lýsing á starfsaðferðum við afhendingu;
- lýsing á gjaldtöku; og
- málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað í móttökuaðstöðu hafna.

## VIÐAUKI II

### Tilkynningar um úrgang og farmleifar í skipum.

#### Viðtökuhöfn \_\_\_\_\_

1. Nafn og kallmerki skipsins og, ef við á, IMO-auðkenningarnúmer.
2. Fánaríki:
3. Áætlaður komutími:
4. Áætlaður brottfarartími:
5. Fyrri viðkomuhöfn:
6. Næsta viðkomuhöfn:
7. Síðasta afhendingarhöfn og dagsetning afhendingar úrgangs frá skipinu:
8. Afhenda á í móttökuaðstöðu í höfn:  
allan úrganginn  hluta úrgangs  engan úrgang  (\*)
9. Tegund og magn úrgangs og farmleifa, sem á að afhenda og/eða verða eftir um borð, og hundraðshluti þess magns af hámarksgeymslurými:

*Ljúkið við annan dálkinn eins og við á ef afhenda á allan úrganginn.*

*Ljúkið við alla dálkana ef afhenda á hluta úrgangsins eða engan úrgang.*

(\*) Merkið við í viðeigandi reiti.

Tegund	Úrgangur sem afhenda á m <sup>3</sup>	Hámarksgeymslurým d m <sup>3</sup>	Magn úrgangs sem verður eftir um borð m <sup>3</sup>	Höfnin þar sem afhenda á afgangsurgang	Áætlað magn úrgangs sem verður til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar m <sup>3</sup>
<b>1. Olíuúrgangur</b>					
Olíumengaður austur frá vélar-rúmi					
Kjölvatn,					
Annað (tilgreinið)					
<b>2. Sorp</b>					
Matarúrgangur					
Plast					
Annað					
<b>3. Farmtengdur úrgangur (1) (tilgreinið)</b>					
<b>4. Farmleifar (1) (tilgreinið)</b>					
(1) Um mat getur verið að ræða.					

**Athugasemdir:**

1. Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnarríkiseftirlits og annars eftirlits.
2. Fylla ber út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið falli undir undanþágu í samræmi við 9. gr. reglugerðar þessarar.

Undirritaður staðfestir að:

framangreindar upplýsingar eru nákvæmar og réttar og að nægilegt sérhæft geymslurými er um borð í skipinu fyrir allan þann úrgang sem kann að verða til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu afhendingarhafnar.

Dags: .....

Tími: .....

Undirskrift skipstjóra: .....

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is) er hægt að nálgast eyðublað á ensku um tilkynningar um úrgang og farmleifar í skipum fyrir skip sem sigla utan til hafna innan EES.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Eyrarflöt 11.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. ágúst 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasi 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að lóðamörk eru færð um 3 metra til norðvesturs, jafnframt breiðkar byggingarreitur lóðarinnar um 1 metra.

*Breyting á deiliskipulagi í landi Þjóðvegur 17, Borgir.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í landi Þjóðvegur 17, Borgir, Akranesi.

Breytingin felst í stækkun lóða og byggingareita, auk þess sem byggingarmagn eykst verulega en áætluð stærð íbúðarhúsa og hesthúss tvöfaldast.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru grenndarkynntar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

*Akranesi, 29. september 2004.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2004

30. september 2004

1977

Nr. 794

## REGLUGERÐ

### um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 30. september 2004, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 33'00 N – 11° 30'00 V
2. 64° 37'00 N – 10° 51'00 V
3. 64° 17'00 N – 10° 34'00 V
4. 64° 04'00 N – 11° 04'00 V
5. 63° 45'00 N – 10° 40'00 V
6. 63° 30'00 N – 10° 55'00 V
7. 63° 17'00 N – 11° 20'00 V
8. 63° 26'00 N – 11° 55'00 V
9. 63° 46'00 N – 12° 09'00 V
10. 64° 10'00 N – 12° 09'00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 484, 9. júní 2004, um bann við kolmunnaveiðum út af Suðausturlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. september 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Norðlingaholt, Þingvað 23-35.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 6. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, lóðirnar Þingvað 23-35.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.172.2, Laugavegur 34a og Grettisgata 17.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 28. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.172.2, lóðirnar Laugaveg 34a og Grettisgötu 17.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hamrahverfi, Leiðhamrar 22.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 6. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi, lóðina Leiðhamra 22.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 28. september 2004.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,  
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2004

1. október 2004

1979

Nr. 796

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Grundartangahafnar vegna hafnarverndar, nr. 749/2004.

Með vísan til hafnarreglugerðar fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980, sem er í eigu Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps og sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrasýslna utan framangreindra hreppa og á grundvelli laga um siglingavernd frá árinu 2004, samþykkti stjórn Grundartangahafnar á fundi sínum þann 1. október 2004, eftirfarandi breytingu á gjaldskrá vegna hafnarverndar:

- |                                |     |                                       |
|--------------------------------|-----|---------------------------------------|
| 1. Fast gjald pr. skip         | kr. | 13.910,00                             |
| 2. Gjald miðað við stærð skipa | kr. | 5,14 pr. brúttórúmlest                |
| 3. Gjald vegna legutíma        | kr. | 0,68 pr. brúttórúmlest og legutímabil |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 1. október 2004.*

**Gísli Gíslason** hafnarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2004

---

Nr. 797

1980

4. október 2004

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa, Djúpadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skógarás 20.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður-Selás, lóðina Skógarás 20.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kvosin, Skólabrú 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kvosina, lóðina Skólubrú 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. október 2004.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,  
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð, nr. 521/2004, um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa.

#### 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs bæði til kaupa á notaðri íbúð og vegna nýbygginga er 11.500.000 kr.

Lán skv. 1. mgr. að viðbættu viðbótarláni samkvæmt reglugerð um viðbótarlán, nr. 783/1998, með síðari breytingum, getur að hámarki numið 13.000.000 kr.

Uppfærð áhvílandi ÍLS-veðbréf og fasteignaveðbréf, sem skipt hefur verið fyrir húsbréf, koma til frádráttar fyrrgreindum fjárhæðum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á samþykktu deiliskipulagi á Völlum, Ölfusi.

*Byggingarreitir fyrir hesthús, gistihús og skógrækt.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 26. ágúst 2004 samþykkt minniháttar breytingu á samþykktu deiliskipulagi af skika lands úr jörðinni Vellir, Ölfusi, samkvæmt 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Breytingin var grenndar kynnt. Breytingin nær til 20 sinnum 20 metra stækkunar á byggingarreitnum fyrir gisti-húsið, til austurs.

Breytingin við deiliskipulagið var unnin af Landform, Selfossi, dagsett 20. júlí 2004.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Við gildistöku þessa skipulags, fellur fyrra skipulagið úr gildi, dagsett 2. maí 2001.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 27. september 2004.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um umskipun olíu á rúmsjó.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að umskipun olíu á rúmsjó fari fram með þeim hætti að umhverfi stafi ekki hætta af.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir í landhelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:  
*Landhelgi Íslands:* Hafsvæðið innan 12 sjómílna frá grunnlínupunktum, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

*Mengunarlögsaga:* Hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginnar og að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnins.

*Olía:* Jarðolía í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, eldsneytisólía, sori, smurolía, olíuúrgangur og unnin olía.

*MARPOL-samningurinn*: Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

*Skip*: Far af hvaða gerð sem er og fer um hafið, þar með talin skíðaskip, svifskip, kaf-bátar, fljótandi för og fastir eða fljótandi pallar.

*Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

#### 4. gr.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar með þeim undantekningum sem kveðið er á um í reglugerðinni.

Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á eftirliti með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum. Umhverfisstofnun, í samstarfi við Siglingastofnun Íslands og í samráði við Samtök atvinnulífsins, semur leiðbeiningar um umskipun olíu á rúmsjó í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar.

#### 5. gr.

Við umskipun olíu á rúmsjó skal gætt fyllsta öryggis og fylgja ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, og viðeigandi ákvæðum MARPOL-samningsins.

Skipstjórar hlutaðeigandi skipa bera ábyrgð á því að umskipun sé í samræmi við gildandi lög og reglur, að réttur búnaður sé fyrir hendi og að áhafnir hafi verið þjálfaðar til þess að framkvæmd verði fúlaus.

Óheimilt er að umskipa olíu á rúmsjó ef hættu er á að umskipun geti misfarist eða óhöpp orðið vegna utanaðkomandi aðstæðna.

#### 6. gr.

Umskipun olíu er óheimil allt árið á eftirtöldum svæðum, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og að fenginni umsögn sjávarútvegsráðuneytisins:

1. Innan svæðis sem afmarkast af neðangreindum hnitum:

1. Frá Gerpi (65°00'N – 13°30'V)
2. 64°30'N – 12°00'V
3. 63°45'N – 14°00'V
4. 63°00'N – 17°00'V
5. 63°00'N – 24°00'V
6. 65°30'N – 26°30'V
7. 66°45'N – 24°00'V
8. Að Straumnesi (66°28'N – 23°08'V)

2. Innan svæðis sem afmarkast af landhelgi Íslands frá Straumnesi austur að Gerpi, sbr. og fylgiskjal 1.

#### 7. gr.

Tilkynna ber stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um sérhverja umskipun olíu á rúmsjó með minnst sex klst. fyrirvara. Í tilkynningu skal tiltaka staðsetningu, kallmerki og nöfn viðkomandi skipa, tímasetningu umskipunar og þann tíma sem áætlað er að umskipun taki. Landhelgisgæsla Íslands skal skrá slíkar tilkynningar og senda Umhverfisstofnun árlega. Telji Landhelgisgæsla Íslands að umskipun olíu geti stofnað lífríkinu í hættu vegna veðurs á svæðinu, ónógs búnaðar eða af öðrum ástæðum er henni í samráði við Umhverfisstofnun heimilt að banna eða stöðva umskipun.

Verði óhapp við umskipun olúu á rúmsjó skal tafarlaust tilkynna um það til stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands í samræmi við viðbragðsáætlun um olúuóhöpp.

8. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á að sérhver umskipun olúu á rúmsjó sé færð í olúudagbók skipsins í samræmi við ákvæði viðauka I við MARPOL-samninginn.

9. gr.

Einstaklingum og fyrirtækjum er annast dreifingu og sölu á olúu innan landhelgi Íslands er skylt að taka við olúuúrgangi frá skipum, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar og tryggja viðunandi eyðingu.

10. gr.

Umhverfisstofnun getur látið fara fram athugun á skipum án dómsúrskurðar ef talin er hættu á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn reglum þessum. Umhverfisstofnun leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

Hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun hafs og stranda ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir samkvæmt reglugerð þessari má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á reglugerð þessari má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á reglugerð þessari, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í x-lið 6. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið vegna verndunar fiskistofna, sbr. afmörkun á svæðum í 6. gr. Ennfremur er reglugerðin sett að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið vegna þáttar Landhelgisgæslu Íslands og samgönguráðuneytið vegna þáttar Siglingastofnunar Íslands.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisiráðuneytinu, 28. september 2004.*

F. h. r.


**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

**Fylgiskjal 1.**

**Svæði þar sem umskipun olíu er óheimil  
nema með sérstöku leyfi stjórnvalda.**



# REGLUGERÐ

## um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

### 1. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

*Skip*: Sérhvert fljótandi far.

*Sorp*: Hvers kyns neysluúrgangur, svo sem alls konar matarleifar, úrgangur frá vistarverum, svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur, þar með taldar umbúðir, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa og stöðugt eða öðru hvoru þarf að losna við.

*Kvarnaður matarúrgangur*: Matarúrgangur, tuskur, gler og þess háttar sorp sem hefur farið í gegnum kvörn eða mulningsvél og kemst í gegnum 25 mm sigti.

*Mengunarlögsaga Íslands*: Hafsvæðið frá ytri mörkum efnahagslögsögunnar og að ytri mörkum landgrunnnsins.

*MARPOL-samningurinn*: Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá árinu 1973 ásamt bókun frá árinu 1978 (MARPOL 73/78).

*Sérhafsvæði*: Hafsvæði sem tilteknað reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við MARPOL-samninginn. Hafsvæðin eru talin upp í viðauka 1 með reglugerð þessari.

### 2. gr.

#### *Gildissvið og stjórnvöld.*

Reglugerð þessi gildir, svo sem við á, í landhelgi og í mengunarlögsögu Íslands og um öll íslensk skip utan þess svæðis, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Um úrgang að öðru leyti gilda ákvæði viðeigandi reglugerða.

Umhverfisstofnun eða þeir aðilar sem Umhverfisstofnun felur að sjá um ákveðin framkvæmdaratriði reglugerðar eru stjórnvöld. Siglingastofnun Íslands, eða aðili sem starfar í umboði hennar, er þó stjórnvald í þeim málum er varða skip og búnað þeirra, sbr. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1996. Að því er varðar skip sem hafa rétt til að sigla undir fána einhvers annars ríkis eru stjórnvöld ríkisstjórn þess ríkis eða umboðsaðili hennar. Að því er varðar fasta eða fljótandi palla sem notaðir eru til rannsókna og nýtingar hafsbotsins og jarðvegs hans, sem liggur að ströndum og strandríkið hefur á hendi fullveldisrétt til þess að rannsaka og nýta auðlindir þeirra, eru stjórnvöld ríkisstjórn þess strandríkis eða umboðsaðilar hennar.

### 3. gr.

#### *Losun sorps í sjó.*

Losun sorps í sjó, að meðtöldum sérhafsvæðum, er óheimil nema í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. gr. Bannið gildir m.a. um:

- öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, t.a.m. plastefni, sorppoka úr plasti, kaðla og net,
- veiðarfæraúrgang t.a.m. togvíra.
- ösku úr sorpofnum ef brennd hafa verið plastefni sem innihalda þungmálma eða eitrefni.

## 4. gr.

*Losun sorps í sjó utan sérhafs svæða.*

- Prátt fyrir ákvæði 3. gr. er utan sérhafs svæða heimilt að losa sorp í sjó eins og hér segir:
- utan 12 sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, ókvarnaðan matarúrgang og annað sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler, málma, flöskur, leirvörur og annan álíka úrgang sem kemst ekki í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli,
  - utan 3ja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, kvarnaðan matarúrgang og þess háttar sorp, t.a.m. pappír, tuskur, gler og annan álíka úrgang sem kemst í gegnum sigti sem hefur göt með 25 mm þvermáli.

Ef sorpinu er blandað saman við annan úrgang sem háður er sérsökum ákvæðum laga skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

## 5. gr.

*Losun sorps í sjó á sérhafs svæðum.*

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. er á sérhafs svæðum heimilt að losa matarúrgang í sjó utan 12 sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

Ef matarúrgangi eða öðru sorpi er blandað saman við annan úrgang, sem önnur ákvæði gilda um, skal framkvæma losunina samkvæmt þeim ákvæðum sem strangari eru.

## 6. gr.

*Undantekningar.*

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. eiga ekki við um:

- losun á sorpi frá skipi ef losunin er nauðsynleg vegna öryggis þess eða þeirra sem eru um borð eða framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháska,
- losun á sorpi sem leiðir af skemmdum á skipi eða tækjum þess, enda hafi áður og eftir að skemmdirnar urðu, allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni,
- fiskinet úr gerviefnum sem tapast hafa vegna óhappa, þ.m.t. gerviefni til viðgerða á slíkum netum, enda hafi allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til að koma í veg fyrir slík óhöpp.

## 7. gr.

*Móttökustöðvar.*

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum.

Þeim aðila sem tekur á móti sorpi og öðrum úrgangi frá skipum er skylt að gefa kvittun fyrir móttökunni, óski skipstjóri eða staðgengill hans eftir slíku. Textinn á kvittuninni skal vera á íslensku og ensku. Á kvittuninni komi fram:

- nafn skips,
- einkennistólur eða bókstafir skips,
- IMO númer,
- dagsetning á móttökunni,
- móttökustaður,
- átælað magn í m<sup>3</sup> þess sorps sem var losað til móttökustöðvarinnar. Aðgreint skal milli sorps í flokki 1 annars vegar og flokki 2 - 6 hins vegar, eins og þeir flokkar eru skilgreindir í sorpdagbókinni sem krafist er í 10. gr.,

- g. undirskrift stjórnanda móttökustöðvarinnar, eða staðgengils hans,
- h. stimpill móttökustöðvarinnar eða viðkomandi móttökuhafnar.

Um móttöku á úrgangi frá skipum gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um móttöku- aðstöðu á úrgangi og farmleifum frá skipum.

8. gr.

*Veggspjöld.*

Sérhvert skip með mestu lengd 12 metra eða meira skal hafa uppi veggspjöld sem upplýsa áhöfn og farþega um þær kröfur sem gerðar eru vegna losunar sorps, sbr. 3., 4. og 5. gr., þar sem það á við.

Veggspjöldin skulu vera á íslensku. Þegar um er að ræða skip sem ætluð eru til siglinga milli landa skulu veggspjöldin einnig vera á ensku.

9. gr.

*Áætlun í sorpmálum.*

Um borð í sérhverju skipi sem er 400 brúttótonn eða stærra og í sérhverju skipi sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri, skal hafa áætlun í sorpmálum sem áhöfnin skal fylgja. Í þessari áætlun skulu vera skrifleg fyrirmæli um söfnun, geymslu, vinnslu og losun sorps, auk fyrirmæla um notkun tækja um borð. Í henni skulu jafnframt vera upplýsingar um það hver sé tilnefndur til að bera ábyrgð á að framfylgja áætluninni. Áætlunin skal vera á samskiptamáli áhafnarinnar og í samræmi við þær leiðbeiningareglur sem Alþjóðasiglingamála- stofnunin hefur útbúið.

10. gr.

*Sorpdagbók.*

Um borð í sérhverju skipi sem er 400 brúttótonn eða stærra og í sérhverju skipi sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri, skal vera sorpdagbók.

Sorpdagbókin skal vera samkvæmt þeirri fyrirmynd sem mælt er fyrir um í viðbæti við V. viðauka MARPOL-samningsins, sbr. og viðauka 2 með reglugerð þessari. Heimilt er að hafa sorpdagbók sem hluta af leiðarabók eða dagbók skips.

11. gr.

*Færslur í sorpdagbók.*

Í sorpdagbókina skal færa sérhverja losun eða fullkomna brennslu. Sérhver færsla skal undirrituð samdægurs af þeim yfirmanni eða yfirmönnum sem hafa umsjón með aðgerðinni. Sérhver blaðsíða sem lokið hefur verið við skal undirrituð af skipstjóra skipsins.

Færslur í sorpdagbókina skulu vera á íslensku og ensku. Færslur á íslensku skulu vera ráðandi ef ágreiningur eða misræmi kemur upp.

Í sérhverri færslu um brennslu eða losun skal koma fram dagsetning, tími, staðsetning skipsins, lýsing á sorpinu og áætlðu magni þess sem var brennt eða losað. Sorpdagbókina skal varðveita á vísun stað um borð í skipinu þannig að unnt sé að leggja hana fram til skoðunar þegar þess er óskað af hlutaðeigandi stjórnvöldum. Sorpdagbókina skal varðveita í a.m.k. tvö ár eftir að síðasta færsla var gerð.

Í þeim tilvikum þegar losun á sér stað, sem fellur undir undantekningarnar sem tilgreindar eru í 6. gr., skal færa í sorpdagbókina upplýsingar um aðstæður og orsakir fyrir losuninni.

## 12. gr.

*Undanþágur frá sorpdagbók.*

Stjórnvöld geta gert undanþágur frá þeim kröfum sem gerðar eru til sorpdagbóka þegar um er að ræða:

- a. skip sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri og er í áætlunarsiglingum þar sem hver ferð er styttri en ein klst.; eða
- b. fasta eða fljótandi palla sem eru notaðir til rannsókna og nýtingar hafsbotnsins.

## 13. gr.

*Eftirlit með sorpdagbókum.*

Stjórnvöldum er heimilt að skoða sorpdagbókina um borð í sérhverju skipi sem ákvæði V. viðauka MARPOL-samningsins gilda um, á meðan skipið er stutt í höfn eða umskipunarstöð. Þeim er einnig heimilt að afrita færslur bókarinnar og krefjast þess að skipstjóri eða staðgengill hans staðfesti að afritið sé rétt. Ef borinn er undir dómstóla ágreiningur um efni færslna í farndagbók skulu stjórnvöld leggja fram staðfest afrit úr bókinni ef þau liggja fyrir. Þegar stjórnvöld skoða sorpdagbókina skulu þau útbúa staðfest afrit samkvæmt þessari grein eins fljótt og við verður komið og án þess að tefja skipið ótilhlýðilega.

## 14. gr.

*Ágreiningur.*

Ágreiningi um framkvæmd reglugerðarinnar er heimilt að vísa til úrskurðar umhverfisráðherra.

## 15. gr.

*Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.*

Um dagsektir, refsiviðurlög, sektir, farbann og beitingu þvingunarúrræða fer samkvæmt V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 16. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í k-lið 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og V. viðauka MARPOL-samningsins.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 107/1998, um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. september 2004.*

F. h . r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*







Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

*Framfærsluskylda.*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

*Lækkun grunnfjárhæðar.*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa, skerðist réttur hans til framfærslu um helming þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

4. gr.

*Réttur fylgir lögheimili.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

*Form fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

*Tímabil samþykkis hverju sinni.*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

*Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## II. KAFLI

**Umsókn um fjárhagsaðstoð.**

## 8. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá Stoðþjónustu FFR. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskrírteini frá vinnumiðlum er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlum, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

## 9. gr.

*Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.*

Fjölskyldu- og félagsmálaráð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Með vísan til 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er umsækjanda skylt er að veita fjölskyldu- og félagsmálaráði eða starfsmönnum ráðsins upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylda framferanda.

## III. KAFLI

**Réttur til fjárhagsaðstoðar.****Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

## 10. gr.

*Mat á fjárþörf.*

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

## 11. gr.

*Grunnfjárhæð.**Framfærsla barna ekki talin með.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að kr. 81.396 á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð. Við ákvörðun grunnfjárhæðar eru greiðslur almannatrygginga á hverjum tíma hafðar til hliðsjónar, sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 105.815 kr. á mánuði (81.396 kr. x 1,3). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar að fullu við mat á fjárbörf.

## 12. gr.

*Tekjur umsækjanda.**Framfærsla barna ekki talin með.*

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárbörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárbörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

## 13. gr.

*Greiðslur meðlags.*

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin* skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldur.

**Sérákvæði.**

## 14. gr.

*Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.*

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjum undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

## 15. gr.

*Mat á tekjum bænda.*

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldur aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárbörf skal miða við grunnfjárbörf, sbr. 10. gr.

## 16. gr.

*Námsmenn.*

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

## IV. KAFLI

**Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.**

## 17. gr.

*Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framferi.*

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaskóla, sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

## 18. gr.

*Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.*

Heimilt er að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

## 19. gr.

*Námsstyrkir.*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og skal aðstoðin nema allt að helmingi grunnfjárhæðar ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

- a) til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika og hafa haft tekjur undir einni milljón króna undanfarna tólf mánuði,
- b) til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft tekjur undir einni milljón króna undanfarna tólf mánuði,
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur, hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni og hafa haft tekjur undir einni milljón króna undanfarna tólf mánuði.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu sem skal þó ekki vera lægri en 75% m.v. hverja önn.

Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

## 20. gr.

*Greiðsla sérfræðiaðstoðar.*

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í sex mánuði eða lengur.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 50.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð:

- a) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi og hafa haft tekjur undir kr. 1.200.000 á sl. ári.
- b) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða og hafa haft tekjur undir kr. 1.200.000 á sl. ári.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

## 21. gr.

*Útfararstyrkir.*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

## 22. gr.

*Öryggishnappur.*

Heimilt er að veita einstaklingum styrk vegna stofnkostnaðar við uppsetningu á öryggishnappi. Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

Heimilt er að veita einstaklingum fjárhagsaðstoð vegna reksturs öryggishnapps.

Skilyrði er að tekjur nái ekki grunnfjárhæð og viðkomandi þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð sbr. ákvæði stjórnýslulaga, nr. 37/1993,  
og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

23. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskyldu- og félagsmálaráði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Fjölskyldu- og félagsmálaráð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

24. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

25. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálanefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

26. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

27. gr.

*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

28. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.



## 29. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfmenn Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og félagsmálaráðs.

## 30. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.*

Í umboði fjölskyldu- og félagsmálaráðs hefur afgreiðslufundur skipaður starfsmönnum úr stoðþjónustu FFR heimild til afgreiðslu einstakra umsókna skv. reglum þessum. Umsækjanda skal kynnt afgreiðsla á erindi hans tryggilega og um leið skal kynna honum rétt hans til að fara fram á að fjölskyldu- og félagsmálaráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskyldu- og félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu- og félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskyldu- og félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

## 31. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskyldu- og félagsmálaráði Reykjanesbæjar þann 30. ágúst 2004 og staðfestar af bæjarstjórn þann 7. september 2004 í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 14. september 2004.*

**Hjördís Árnadóttir** félagsmálastjóri.

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Vesturtún 2-4-6, Álftanesi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness í umboði bæjarstjórnar þann 19. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Vesturtún 2-4-6, Álftanesi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 30. september 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.

# REGLUGERÐ

## um fóstur.

### I. KAFLI

#### Almennt um fóstur.

##### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi fjallar um ráðstöfun barns í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga um fósturforeldra, fóstursamning, réttindi barns og skyldur barnaverndaryfirvalda meðan fóstur varir og um lok fósturs.

##### 2. gr.

###### *Gildissvið.*

Barnaverndarnefnd er skylt að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar könnun leiðir í ljós að fósturráðstöfun er nauðsynleg og eitthvað af eftirtöldu liggur fyrir:

- a. foreldrar afsala sér forsjá eða umsjá og samþykkja fósturráðstöfun,
- b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstura barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
- c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
- d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
- e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna fær hæli eða dvalarleyfi á Íslandi.

##### 3. gr.

###### *Skilgreining á hugtökum.*

#### 1. Fóstur.

Um fóstur er að ræða þegar aðstæður eru eins og segir í 2. gr. og barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum umsjá og/eða aðrar forsjáarskyldur í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Fóstur getur verið þrenns konar, tímabundið fóstur, styrkt fóstur og varanlegt fóstur.

#### 2. Tímabundið fóstur.

Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma. Tímabundið fóstur á við þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum sínum. Einnig er heimilt að ráðstafa barni í tímabundið fóstur þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma.

Markmið tímabundins fósturs er að búa barni tryggar uppeldisaðstæður þann tíma sem fóstri er ætlað að vara og skapa aðstæður til að veita barninu og foreldrum þess þegar það á við nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

#### 3. Styrkt fóstur.

Með styrktu fóstri er átt við að mælt sé fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í tiltekinn tíma. Styrkt fóstur á við þegar barnið á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi og uppfyllt eru skilyrði til að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79. gr. barnaverndarlaga, en nauðsynlegt þykir að koma barninu í fóstur í stað þess að vista það á heimili eða stofnun.

Markmið með styrktu fóstri er að barn njóti sérstakrar umönnunar þannig að mætt verði þörfum barnsins og barnið aðstoðað við að ná tókum á vandamálum sínum svo og að veita barninu og foreldrum þess þegar það á við nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

#### 4. *Varanlegt fóstur.*

Með varanlegu fóstri er átt við að fóstur haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Barni skal komið í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt þykir að ekki verði unnt að bæta aðstæður barns með öðrum hætti. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma.

Markmið með varanlegu fóstri er að tryggja til frambúðar umönnun, öryggi og stöðugleika í lífi barns innan fósturfjölskyldu.

#### 5. *Reynslufóstur.*

Með reynslufóstri er átt við að fóstur vari til reynslu í tiltekinn tíma áður en gerður er samningur um varanlegt fóstur. Reynslutími skal að jafnaði eigi vera lengri en þrjú mánuðir og aldrei lengri en eitt ár.

Markmið með reynslufóstri er að kanna hvort aðstæður séu með þeim hætti á væntanlegu fósturheimili að þær henti þörfum og hagsmunum barns. Að reynslutíma loknum skal meta hvort það samræmist þörfum og hagsmunum barnsins að alast upp á fósturheimilinu.

#### 6. *Fóstursamningur.*

Fóstursamningur er samningur milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra um fóstur á tilteknu barni. Gera skal skriflegan fóstursamning í öllum tilvikum þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur.

#### 7. *Foreldrar.*

Með foreldrum er í reglugerðinni að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.

#### 4. gr.

##### *Fósturbarn og réttindi þess.*

Við ráðstöfun barns í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt hafa hagsmuni barns í fyrir-rúmi og taka tillit til sjónarmiða og óska barns eftir því sem aldur þess og þroski gefur til-efni til. Stuðla ber að því að stöðugleiki verði í uppvexti og sem minnst röskun á lífi barns-ins.

Barn í fóstri á rétt á góðum aðbúnaði hjá fósturforeldrum sínum og að þeir annist það af fyllstu umhyggju og nærgætni og svo sem best hentar hag þess og þörfum.

Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barna-verndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

Ungmenni sem hefur verið í fóstri getur farið fram á við barnaverndarnefnd að ráðstöfun nefndarinnar haldist eftir að fóstri lýkur við 18 ára aldurinn, allt til 20 ára aldurs.

Um réttindi barns að öðru leyti, svo sem rétt til umgengni og rétt til stuðnings, fer samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og reglugerðar þessarar.

## II. KAFLI

### **Leyfi til að taka barn í fóstur.**

#### 5. gr.

##### *Umsókn um leyfi til að taka barn í fóstur.*

Þeir sem óska eftir að taka barn í fóstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu á sérstökum eyðublöðum sem Barnaverndarstofa útbýr. Í umsókn skal taka fram hvort væntanlegir fósturforeldrar óska eftir að taka barn í tímabundið fóstur, styrkt fóstur eða varanlegt fóstur.

## 6. gr.

*Almennar kröfur til fósturforeldra.*

Fósturforeldrar skulu vera í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi og til að mæta þörfum barns sem búið hefur við ótryggar aðstæður eða átt við erfiðleika að etja. Fósturforeldrar þurfa að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem stuðlað getur að jákvæðum þroskamöguleikum barns.

Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi en hjón eða sambúðarfólk skulu sækja um leyfi saman.

Þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisbrot er óheimilt að taka barn í fóstur ef brot beindist gegn einstaklingi sem ekki hafði náð 18 ára aldri.

## 7. gr.

*Vottorð, umsagnir og önnur gögn.*

Umsókn skal fylgja:

- a. hjúskapar-/sambúðarvottorð ef við á,
- b. læknisvottorð á sérstöku eyðublaði sem Barnaverndarstofa útbýr,
- c. samþykki umsækjanda og annarra heimilismanna sem náð hafa 15 ára aldri fyrir því að Barnaverndarstofa afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri,
- d. umsögn ættingja,
- e. umsögn vinnuveitanda,
- f. skattframtöl síðustu tveggja ára og
- g. greinargerð umsækjanda um ástæður þess að óskað er leyfis til að taka barn í fóstur.

Barnaverndarstofa getur aflað frekari gagna og nánari upplýsinga um hagi umsækjanda enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

## 8. gr.

*Umsögn barnaverndarnefndar.*

Barnaverndarstofa óskar umsagnar barnaverndarnefndar í heimilsumdæmi umsækjanda áður en stofan leggur endanlegt mat á hæfni til að taka barn í fóstur. Í umsögn barnaverndarnefndar skal fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum væntanlegra fósturforeldra, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra. Sérstaklega skal kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þá skal kanna með almennum hætti hvernig skólamáli er háttað í skólahverfi umsækjenda.

Við gerð umsagnar skal fara a.m.k. einu sinni á heimili væntanlegra fósturforeldra. Að lokinni könnun skal starfsmaður skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Gefa skal umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögur. Að því loknu afgreiðir barnaverndarnefnd umsögn með bókun.

Barnaverndarstofa gefur út nánari leiðbeiningar um þau atriði sem þarf að kanna og fram þurfa að koma í umsögn barnaverndarnefndar.

9. gr.  
*Námskeið.*

Umsækjanda ber að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Markmið með námskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjanda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt.

10. gr.  
*Mat á hæfni fósturforeldra.*

Mat á hæfni væntanlegra fósturforeldra sem fram fer á námskeiði Barnaverndarstofu felur í sér könnun á almennum viðhorfum, svo sem hvaða væntingar umsækjandi hefur til þess að taka barn í fóstur, reynslu umsækjanda og viðhorf til barna. Sérstök áhersla er lögð á hæfni umsækjanda til:

- a. að annast og ala upp barn,
- b. að koma til móts við þarfir barns og taka á misfellum í þroskaferli barnsins,
- c. að styðja tengsl milli barnsins og fjölskyldu þess eftir því sem við á,
- d. að stuðla að því að barnið geti myndað traust, varanleg og þroskandi tengsl og
- e. samvinnu við barnaverndarnefnd, kynforeldra eftir því sem við á og aðra sem koma að umönnun barns.

Við mat á hæfni þeirra sem óska eftir að taka barn í styrkt fóstur skal leggja áherslu á sérstaka eiginleika til að annast börn sem þurfa á styrktu fóstri að halda og gerð er sú krafa að fósturforeldri sé reiðubúið til að vinna við sérstaka umönnun og þjálfun barns á heimili sínu.

Námskeiði lýkur með samantekt um mat á hæfni og árangur þjálfunar auk tillögu að afgreiðslu á umsókn væntanlegra fósturforeldra. Gefa skal þeim kost á að koma að athugasemdum við samantekt áður en umsókn er afgreidd.

11. gr.  
*Undanþága frá kröfu um námskeið.*

Barnaverndarstofu er heimilt við sérstakar aðstæður að veita umsækjanda leyfi til að taka barn í fóstur þó hann hafi ekki lokið námskeiði skv. 9. gr. Í þeim tilvikum metur Barnaverndarstofa sérstaklega þau atriði sem annars felast í hæfnismati á námskeiði.

12. gr.  
*Leyfi til að taka barn í fóstur.*

Barnaverndarstofa gefur út leyfi til að taka barn í fóstur.

Í hvert sinn sem fósturforeldrar óska eftir að taka barn í fóstur þá skulu þeir sækja um að nýju til Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa metur hvaða gagna er aflað í hvert sinn. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá ef liðin eru meira en tvö ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar auk þess sem fulltrúi barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjanda skal þá fara á heimilið.

Ef fósturforeldrar vilja taka barn í annars konar fóstur en leyfi hefur verið veitt fyrir skal sækja um að nýju til Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa metur hvaða gagna skuli aflað og hvers konar mat fer fram í hvert sinn.

13. gr.  
*Leyfi fellur niður.*

Ef leyfishafa hefur ekki verið falið barn í fóstur innan tveggja ára frá því að leyfi var síðast gefið út þá fellur leyfið niður en unnt er að sækja um leyfi að nýju.

## 14. gr.

*Skrá um fósturforeldra.*

Barnaverndarstofa heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

## III. KAFLI

**Ráðstöfun barns í fóstur.**

## 15. gr.

*Beiðni um fósturheimili.*

Barnaverndarnefnd sem vill ráðstafa barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu. Beiðni skal fylgja:

- a. greinargerð um niðurstöðu könnunar í máli barns skv. 23. gr. barnaverndarlaga,
- b. gögn sem aflað var við könnun og varpað geta nánara ljósi á stöðu og þarfir barnsins,
- c. áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga,
- d. áætlun um trygga umsjá barnsins skv. 33. gr. barnaverndarlaga,
- e. samþykki forsjáraðila og barns ef við á skv. 48. gr. barnaverndarlaga,
- f. úrskurður barnaverndarnefndar eða dómstóls um heimild til að ráðstafa barni í fóstur ef við á og
- g. dómur um sviptingu forsjár ef við á.

## 16. gr.

*Val á fósturforeldrum fyrir barn.*

Barnaverndarnefnd velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem hafa leyfi til að taka barn í fóstur í samráði við Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Leitast skal við að taka tillit til sjónarmiða barns við val á fósturforeldrum í samræmi við aldur þess og þroska.

Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

Ef barnaverndarnefnd óskar eftir því að ráðstafa barni í styrkt fóstur þá velur Barnaverndarstofa fósturforeldra í samvinnu við barnaverndarnefnd.

## 17. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að ráðstöfunin til hins kynforeldris sé tímabundin fer um hana eftir þeim reglum sem gilda um fóstur.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarnefndin hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

## 18. gr.

*Beiðni nákominna ættingja um að taka barn í fóstur.*

Ef nákominn ættingi sem fengið hefur leyfi Barnaverndarstofu óskar eftir að taka barn í fóstur ber barnaverndarnefnd að meta hvort það þjóni hagsmunum barnsins best að ráðstafa því í fóstur til viðkomandi.

Nákominn ættingi getur skotið synjun barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála.

## 19. gr.

*Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum. Barnaverndarnefnd ber einnig að undirbúa barn fyrir væntanlegt fóstur og meðal annars sjá til þess að barnið hafi meðferðis nauðsynlegan útbúnað.

Barnaverndarnefnd ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa hina væntanlegu fósturforeldra undir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma. Barnaverndarnefnd skal upplýsa hina væntanlegu fósturforeldra um persónulega hagi barnsins og önnur atriði sem nefndin telur máli skipta með tilliti til markmiða fóstursins.

## 20. gr.

*Samvinna um fósturráðstöfun.*

Barnaverndarnefnd skal leitast við að koma á góðu samstarfi og efla jákvæð samskipti milli kynforeldra, fósturforeldra og barns við fósturráðstöfun og meðan fóstur varir með hliðsjón af markmiðum fóstursins.

## IV. KAFLI

**Fóstursamningur.**

## 21. gr.

*Gerð fóstursamnings.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal gera skriflegan fóstursamning við fósturforeldra áður eða um leið og barn fer í fóstur. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna styrkts fósturs eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barnaverndarstofu.

Í fóstursamningi skal meðal annars kveðið á um:

- a. lögheimili barns og daglega umsjá,
- b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,
- c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga,
- d. framfærslu barns og annan kostnað,
- e. umgengni barns við kynforeldra og/eða aðra nákomna,
- f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,
- g. lok fósturs,
- h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga, þegar það á við og
- i. annað sem máli skiptir.

## 22. gr.

*Lögheimili, umsjá og forsjárskyldur.*

Fósturforeldrar fara jafnan með daglega umsjá fósturbarns og ráða persónulegum högum þess í samráði við barnaverndarnefnd.

Fósturforeldrum ber að annast fósturbarn og sýna því umhyggju og virðingu. Þeim ber að gegna umsjár- og forsjárskyldum svo sem best hentar hag og þörfum fósturbarnsins og taka tillit til uppruna, menningar og trúar barnsins eftir því sem við á. Fósturforeldrum ber að vernda fósturbarnið gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Við ákvörðun um það hvar barn skuli eiga lögheimili og hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

### 23. gr.

#### *Fósturtími.*

Fóstri skal alltaf markaður tiltekinn tími með tilliti til markmiðs fóstursins. Við ákvörðun um fósturtíma, tegund fósturs og endurnýjun fóstursamnings ber barnaverndarnefnd að hafa sérstaklega í huga aldur barns, þörf barns fyrir stöðugleika og hagsmuni og þarfir barns að öðru leyti.

Ekki skal gera samning um tímabundið fóstur til lengri tíma en eins árs í senn. Ekki skal endurnýja samning um tímabundið fóstur oftari en einu sinni nema í algerum undantekningartilvikum.

Samning um styrkt fóstur skal gera til allt að eins árs í senn. Barnaverndarstofa getur veitt leyfi til að endurnýja samning um styrkt fóstur í sérstökum tilvikum.

Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

### 24. gr.

#### *Greiðslur til fósturforeldra.*

Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því til fósturforeldra, þ.e. framfærslueyrir, fósturlaun og annar kostnaður.

Með framfærslueyri er átt við greiðslu til að mæta kostnaði vegna daglegrar framfærslu barns. Af framfærslueyri ber fósturforeldrum að standa straum af öllum almennum kostnaði sem felst í því að hafa umsjá barns, svo sem að sjá barninu fyrir fullnægjandi aðstöðu á heimili, mat, endurnýjun á fatnaði, almennri lækniþjónustu, daglegum ferðalögum, mötuneytiskostnaði í skóla, útbúnaði í skóla, vasapeningum og almennum tómstundum.

Með fósturlaunum er átt við umönnunarlaun fósturforeldra.

Framfærslueyrir og fósturlaun skulu miðast við margfeldi af fjárhæð barnalífeyris eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar og skulu nema samanlagt að lágmarki tvöföldum barnalífeyri. Fjárhæð framfærslueyris og fósturlauna ber að öðru leyti að meta með hliðsjón af þörfum barns í hverju tilviki. Við þetta mat má taka tillit til greiðslna sem fósturforeldrar kunna að eiga rétt á samkvæmt öðrum lögum.

Ef Barnaverndarstofa samþykkir að barn fari í styrkt fóstur þá greiðir barnaverndarnefnd sem ráðstafar barninu að jafnaði framfærslueyri og fósturlaun sem svara sjöföldum barnalífeyri. Ríkið greiðir fósturforeldrum fósturlaun til viðbótar sem svarar allt að tíuföldum barnalífeyri.

Ef fyrirjáanlegt er að um sérstakan annan kostnað verði að ræða meðan fóstur varir, svo sem ferðakostnað vegna umgengni barns við nákomna, kostnað við leikskóla eða aðra gæslu, sérstakan námskostnað eða mikinn kostnað vegna tómstunda, útgjöld vegna meiri háttar tannlækninga, eða umtalsverðrar heilbrigðisþjónustu, svo sem vegna alvarlegra eða langvarandi sjúkdóma, skal ákveða í fóstursamningi hver verði greiðsla til fósturforeldra.

Fósturforeldrar geta farið fram á greiðslur á öfyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni til þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barninu í fóstur. Beiðni skal koma fram innan



sex mánaða frá því að fósturforeldrum var kunnugt um útgjöldin. Ef ekki næst samkomulag milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra um greiðslur á ófyrirséðum kostnaði skal afgreiða málið með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun barnaverndarnefndar er kæraneleg til kærunefndar barnaverndarmála.

## 25. gr.

*Umgengni í fóstri.*

Barn í fóstri á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun barnsins í fóstur. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal barnaverndarnefnd eiga frumkvæði að því að gera tilögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgenginnar. Ef ekki næst samkomulag úrskurðar barnaverndarnefnd um ágreiningsefni er varða umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengni eða framkvæmd.

Barnaverndarnefnd ber að kanna viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi eða kveðinn er upp úrskurður um umgengni. Ákvæði samnings eða úrskurðar skulu tekin upp í fóstursamning.

Við ákvörðun umgengni við barn í fóstri skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best með það fyrir augum að ná markmiði sem stefnt er að með ráðstöfun barnsins í fóstur.

Að öðru leyti fer um umgengni í fóstri skv. 74. gr. barnaverndarlaga, svo sem um synjun, breytingu á fyrri ákvörðun og málskot.

## 26. gr.

*Stuðningur barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur veitir barni og fósturforeldrum nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir. Ber að útfæra nánar í fóstursamningi í hverju stuðningur er fólgin en taka skal afstöðu til eftirtalinna atriða:

- a. meðferðar fyrir barnið, svo sem viðtala við sálfræðing, geðlækni eða aðra, sérstaklega þegar um styrkt fóstur er að ræða,
- b. frekari þjónustu við barnið, svo sem heilbrigðisþjónustu, lyfjameðferðar og þjálfunar,
- c. annarra stuðningsúræða,
- d. handleiðslu fyrir fósturforeldra,
- e. reglubundinna samráðsfunda þar sem taka þátt eftir atvikum barn, kynforeldrar, fósturforeldrar, fulltrúi barnaverndarnefndar, handleiðari, meðferðaraðili og/eða aðrir og
- f. heimsóknna fulltrúa barnaverndarnefndar á fósturheimili meðan fóstur varir.

## 27. gr.

*Samvinna um stuðning við barn í fóstri.*

Barnaverndarnefnd skal leita eftir samstarfi við þá aðila sem nefndin telur rétt að veiti barni stuðning á fósturheimili, svo sem starfsfólk leikskóla, skóla og heilsugæslu og þá sem sinna þjónustu við fatlaða.

## 28. gr.

*Tilkynning um gerð fóstursamnings.*

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

## 29. gr.

*Skrá yfir börn í fóstri.*

Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í fóstri.

## V. KAFLI

**Lok fósturs.**

## 30. gr.

*Fóstursamningur rennur út.*

Barnaverndarnefnd ber, að jafnaði eigi síðar en mánuði áður en fóstri lýkur, að gera skriflega áætlun skv. 23. gr. barnaverndarlaga um áframhaldandi meðferð máls barnsins. Við undirbúning og gerð áætlunar skal barnaverndarnefnd, að höfðu samráði við kynforeldra og fósturforeldra eftir atvikum, meta stöðu barnsins og að hvaða leyti markmið með fóstri hafi náðst.

Við lok fósturs ber barnaverndarnefnd að undirbúa barn undir viðskilnað frá fósturforældrum og það sem tekur við að fóstri loknu.

## 31. gr.

*Breytingar á högum fósturforeldra.*

Ef aðstæður fósturforeldra breytast meðan fóstur varir, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubreysts, ber fósturforældrum að tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd sem ráðstafaði barni í fóstur.

Fósturforældrum ber með sama hætti að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir taka að sér umönnunarhlutverk á heimili sínu samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða annarra laga, svo sem laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eða laga um málefni fatlaðra.

Barnaverndarnefnd metur hvort þörf er á að endurskoða fóstursamning vegna breytinga á högum fósturforeldra. Ef ekki næst samkomulag milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

## 32. gr.

*Slit fóstursamnings.*

Fóstursamning skal ætíð gera með þeim fyrirvara að hann falli úr gildi ef krafa kynforeldris um endurskoðun á ráðstöfun barnaverndarnefndar nær fram að ganga.

Ef fóstursamningur er gerður til 12 mánaða eða skemmri tíma getur hvor aðili sagt upp samningi og skal miða við eins mánaðar gagnkvæman uppsagnarfrest nema annars sé sérstaklega getið í fóstursamningi. Uppsögn skal berast skriflega og miðast við næstu mánaðamót.

Ef fóstursamningur er gerður til lengri tíma en 12 mánaða getur hvor aðili óskað þess að breyta samningi eða fella samning úr gildi. Ef ekki næst samkomulag milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Hvor aðili um sig getur tafarlaust rift fóstursamningi ef um verulega vanefnd verður að ræða af hálfu hins aðilans. Veruleg vanefnd telst meðal annars vera fyrir hendi ef:

- a. óhæfilegur dráttur verður á umsömdum greiðslum frá barnaverndarnefnd til fósturforeldra,
- b. fósturforeldri fremur brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eða XVIII. kafla barnaverndarlaga gagnvart fósturbarni eða öðru barni,
- c. fósturforeldri fremur alvarlegt brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eða annarra laga eða
- d. fósturbarn býr við slæman aðbúnað hjá fósturforeldri.

Ef barnaverndarnefnd telur fósturforeldri hafa vanefnt samning verulega og ekki næst samkomulag milli nefndarinnar og fósturforeldra getur nefndin gripið til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. barnaverndarlaga og tekið barnið af fósturheimilinu. Barnaverndarnefnd getur í kjölfarið fellt fóstursamning úr gildi með rökstuddum úrskurði. Úrskurður er kæránlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

### 33. gr.

#### *Tilkynning um lok fóstursamnings.*

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um lok fósturs. Ef fóstursamningur er felldur úr gildi fyrr en áætlað var skal barnaverndarnefnd einnig senda greinargerð um ástæður samningsslita.

## VI. KAFLI

### **Eftirlit barnaverndarnefndar meðan fóstur varir.**

### 34. gr.

#### *Eftirlit með fósturi.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur fer með mál barnsins meðan ráðstöfun varir. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum.

Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftast ef ástæða þykir til.

### 35. gr.

#### *Samstarf barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur getur farið fram á að barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi fósturforeldra taki að sér tilteknar skyldur. Um slíkt skal gera skriflegan samning og hans getið í fóstursamningi.

### 36. gr.

#### *Tilkynningar um aðbúnað fósturbarns hjá fósturforeldrum.*

Tilkynningar skv. 16.–18. gr. barnaverndarlaga sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til videigandi ráðstafana.

## VII. KAFLI

### **Ábyrgð á kostnaði vegna fósturs.**

### 37. gr.

#### *Framfærsluskylda foreldra.*

Foreldrar barns sem ráðstafað er í fóstur eru framfærsluskyldir gagnvart því nema foreldri hafi verið svipt forsjá barnsins.

Barnaverndarnefnd getur krafð foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranelegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Um viðmið við ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

38. gr.

*Kostnaður samkvæmt fóstursamningi.*

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni greiðir þann kostnað við fóstur sem leiðir af fóstursamningi. Þegar um styrkt fóstur er að ræða fer um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga skv. 2. mgr. 88. gr. barnaverndarlaga og 5. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar.

39. gr.

*Annar kostnaður vegna fósturbarns.*

Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, leikskóla, grunnskóla o.s.frv.

Ef barn fer í tímabundið fóstur skal sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur greiða kostnað vegna grunnskóla meðan ráðstöfun varir.

40. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. og 3. mgr. 66. gr., 75. gr. og 78. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 27. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag fyrir „Velli 3. áfanga“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Velli 3. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felst í meginatriðum í byggð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 30. september 2004.*

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

# REGLUGERÐ

## um takmörkun á krómi í sementi.

### *Markmið.*

#### 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir heilsuskaða af völdum króms í sementi.

### *Gildissvið.*

#### 2. gr.

Reglugerð þessi gildir um framleiðslu, innflutning og notkun sements sem inniheldur sexgilt króm (króm (VI)).

### *Skilgreiningar.*

#### 3. gr.

Með markaðssetningu er í reglugerð þessari átt við dreifingu eða sölu efna og efnavöru. Með sementi er í reglugerð þessari átt við portlandsement, hraðsement, blöndusement og hvers konar innflutt sement og óhörðnuð sementsbundin efni.

### *Takmarkanir.*

#### 4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota sement og vörur sem innihalda sement ef innihald uppleysanlegs sexgilds króms í vatnsblönduðu sementi er meira en 0,0002%, miðað við heildarþurrvignt sementsins.

### *Undanþágur.*

#### 5. gr.

Ákvæði 4. gr. á ekki við um markaðssetningu og notkun sements í lokuðum og sjálfvirkum ferlum þar sem sement og vörur með sementi eru eingöngu meðhöndlaðar í vélum og enginn möguleiki er á snertingu við húð manna.

### *Merkingar.*

#### 6. gr.

Þegar afoxunarmiðlar eru notaðir í sement skulu umbúðir merktar með læsilegum og óafmáanlegum merkingum um pökkunardag, geymsluskiyrði og hve langan tíma varan má geymast svo sexgilt króm haldist innan þeirra marka sem sett eru í 4. gr.

Um merkingu sements sem notað er skv. 5. gr. gilda sérákvæði um merkingar sements og sementsblandna í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

### *Eftirlit.*

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með merkingum, notkun, geymslu og flutningi efna og efnavöru á vinnustöðum, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

*Viðurlög.*

## 8. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

*Gildistaka.*

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar 2003/53/EB um 26. breytingu á tilskipun varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna hættulegra efna og efnablanda (nónýlfenól, nónýlfenóletoxýlat og sement), sem vísað er til í 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2003, þann 6. desember 2003.

Reglugerðin öðlast gildi 17. janúar 2005.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. september 2004.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

**AUGLÝSING****um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.***Breyting á skipulagi að Lindarflöt 18.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi að Lindarflöt 18 í Garðabæ. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur er stækkaður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi að Lindarflöt 37.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi að Lindarflöt 37 í Garðabæ. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur er stækkaður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi að Tjaldanesi 15.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi að Tjaldanesi 15 í Garðabæ. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður fyrir viðbyggingu að Tjaldanesi 15. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi að Ægisgrund 8.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi að Ægisgrund 8 í Garðabæ. Breytingin felst m.a. í að skilgreindur er byggingarreitur fyrir bílskúr. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 20. september 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Snjóksdal I.

Deiliskipulagið tekur til um 15 ha svæðis og gerir ráð fyrir 7 frístundarhúsalóðum og einni lóð fyrir hesthús. Stærð lóðanna er á bilinu 1555 m<sup>2</sup> til 12557 m<sup>2</sup> og gert ráð fyrir allt að 80 m<sup>2</sup> frístundarhúsi að meðtöldu fylgihúsi/geymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalabyggð, 11. október 2004.*

**Bogi Kristinsson Magnusen**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUR

### um brottfellingu reglna nr. 164/1997, um bílalyftur og búnað þeirra.

1. gr.

Reglur nr. 164/1997, um bílalyftur og búnað þeirra falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um brottfellingu reglugerðar nr. 557/1995, um eftirlit með framkvæmd hættumats í iðnaðarstarfsemi.

1. gr.

Reglugerð nr. 557/1995, um eftirlit með framkvæmd hættumats í iðnaðarstarfsemi fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

## REGLUR

### um brottfellingu reglna nr. 612/1989, um tilkynningu vinnuslysa.

1. gr.

Reglur nr. 612/1989, um tilkynningu vinnuslysa falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

## REGLUR

### um brottfellingu reglna nr. 503/1994, um lyfti- og flutningabúnað (Sameiginleg ákvæði).

1. gr.

Reglur nr. 503/1994, um lyfti- og flutningabúnað (Sameiginleg ákvæði) falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*



## REGLUR

### um brottfellingu reglna nr. 330/1989, um króm í sementi.

1. gr.

Reglur nr. 330/1989, um króm í sementi falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 17. janúar 2005.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi.

Breyting á deiliskipulagi á Reykjanesi var samþykkt þann 15. september í bæjarstjórn Grindavíkur og þann 16. september 2004 í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Breytingin tekur til iðnaðarsvæðis á Reykjanesi.

Tillaga að breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 3. október 2004.*

**Viðar Már Aðalsteinsson,**  
framkvæmdastjóri umhverfis- og  
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

**Benedikt Ingi Sigurðsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Grindavíkur.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit með sjóflutningum nr. 589/2003.

1. gr.

b-liður 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- b) Við val á öðrum skipum til skoðunar skal Siglingastofnun Íslands ákveða forgangs-  
röð samkvæmt eftirfarandi:
- Fyrst skal velja skip sem um getur í I. hluta I. viðauka án tillits til markþáttar þeirra.
  - Skipin sem upp eru talin II. hluta I. viðauka skulu valin þannig að skip með hæsta markþátt skal skoðað fyrst, þá skip með næsthæsta markþátt og svo koll af kolli, eins og um getur í SIRENAC-upplýsingakerfinu.

## 2. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef skoðanirnar sem um getur í 6. og 7. gr. staðfesta eða leiða í ljós annmarka í tengslum við kröfur samnings og réttlætir þannig farbann skips skal allur kostnaður í tengslum við skoðanirnar sem falla til, á venjulegu reikningstímabili, greiddur af eiganda skipsins, útgerð þess eða fulltrúa hans á Íslandi.

## 3. gr.

Í fyrirsögn VII. viðauka skal í standa í sviga:

(sem um getur í 1. mgr. 12. gr.) í stað (sem um getur l. mgr. 11. gr.).

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum. Tekið var mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna.

*Samgönguráðuneytinu, 20. september 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

## 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Tímagjald kr. 6.283. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 8.000.

## 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf títimagsgjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títimálgjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 15. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 342/2003 fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum með síðari breytingum.

*Reykjanesbæ, 23. september 2004.*

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurnesja,

**Magnús H. Guðjónsson.**

**Fylgiskjal.**

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	13.351	Dansskólar	5.105
Aðrar skólphreinsistöðvar	25.132	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	37.698
Aðrir farþegaflutningar á vegum	7.854	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	43.981
Alifuglarækt < 40.000 stæði	32.672	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	172.929
Alifuglarækt > 40.000 stæði	68.485	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	13.351
Apótek	15.708	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	36.127
Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Suðurnesjum	5.498	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	154.080
Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	81.679	Dýralæknastofur án röntgen	4.712
Áfengismedferð	5.890	Dýralæknastofur með röntgen	12.566
Áfengisverslun	10.210	Dýraspítalar	14.137
Áhaldahús sveitarfélags	11.781	Efnalaugar	11.781
Baðhús	10.210	Eldsmíði, önnur málmsmíði og viðgerðir, sindurmótun	6.283
Bakarí, lítið	39.415	Endurhæfing	10.995
Bakarí, miðlungs	73.972	Endurvinnsla úrgangs	6.283
Bakarí, stórt	43.981	Fangelsi, lítið	9.425
Bensínstöðvar án matvæla	34.557	Fangelsi, miðlungs	37.698
Bensínstöðvar með matvöru	97.387	Fangelsi, stórt	43.981
Bensínstöðvar með veitingasölu	160.217	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	13.351
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	21.991	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	4.712
Bið- og endastöðvar strætisvagna	3.927	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	37.698
Biðstöðvar leigubifreiða	3.927	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi)	108.528
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	15.550	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	29.844
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	17.121	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	13.351
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	18.692	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	20.420
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	10.367	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	23.561
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	11.938	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	56.547
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	13.508	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	25.132
Bifreiðaréttingar	5.419	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	78.830
Bifreiðasprautun	15.550	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	103.670
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	18.221	Fiskmarkaðir	23.561
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	24.504	Fiskmjölvinnsla	87.962
Bílapartasölur	17.278	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	34.557
Blikksmíði	6.283	Fótaaðgerðarstofur	12.566
Blómarekt	9.425	Framköllun t.d. á ljós, röntgen- og kvikmyndum	11.781
Blómaverslun	10.210	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	12.566
Bón og bílaþvottur, handvirk	9.425	Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	25.132
Bón og bílaþvottur, sjálfvirk	10.995	Framleiðsla annarra matvara	15.708
Brauðstofur	34.557	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	12.566
Brauðverksmiðjur	94.245	Framleiðsla á eggjamassa	219.358
Byggingavöruverslanir, litlar	49.007	Framleiðsla á glerplötum	6.283
Byggingavöruverslanir, stórar	75.396	Framleiðsla á iðnaðargasi	40.840
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	9.425	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	28.274
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	14.137		
Dagmómmur með > 6 börn	5.498		

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	12.566	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	31.415
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	28.274	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	40.840
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	56.547	Heildverslun með sykurlu, súkkulaði og sælgæti	28.274
Framleiðsla á umbúðaplásti	4.712	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	25.132
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	17.907	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	50.264
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	18.849	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	56.547
Framleiðsla glerfláta	4.320	Heildverslun með hreinlætisefni	12.566
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	28.274	Heilsugæslustöðvar	23.561
Framleiðsla húsdýrafóðurs	18.849	Heimili fyrir börn og unglinga	5.105
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	5.498	Heitloftsburrkun fiskafurða	10.838
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám án mótuneytis	42.410	Hestahald	4.320
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með fullbúnu eldhúsi	177.641	Hitaveita	138.226
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með móttökueldhúsi	100.528	Hjólbarðaverkstæði	8.639
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám án mótuneytis	31.415	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gesti)	81.679
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	172.929	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	117.953
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	91.104	Hótel með veitingasölu, stórt (>100 gestir)	215.339
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	91.104	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting, <16 rúm og heimiliseldhús)	12.566
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	91.104	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir, t.d. verbúðir ekkert eldhús eða heimiliseldhús til afnota fyrir íbúa)	18.849
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	37.698	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (>100 gestir)	21.991
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	188.490	Hreinlætisvöruverksmiðjur	24.347
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	87.962	Hunda- og kattahótel	4.712
Fúavörn á víði	10.995	Húðflúrstofur	23.561
Fyrirtæki sem geyma klórgas	17.278	Húðgötun	23.561
Garðaúðun	14.137	Húsdýragarðar	5.576
Gasbirgðastöðvar með < 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	50.264	Húsgagnaíðnaður með lökkun	18.849
Gasbirgðastöðvar með > 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	62.830	Ísstöðvar	14.137
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	13.351	Íþróttahús, lítil	11.781
Gámastöð	13.351	Íþróttahús, miðlungs	14.922
Gleriðnaður og speglagerð	4.712	Íþróttahús, stór	18.849
Grunnskólar án mótuneytis	40.840	Íþróttavellir	12.566
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	172.929	Járnvöruverslanir	25.132
Grunnskólar með móttökueldhúsi	94.245	Kaldhreinsun lýsis	28.274
Gúmmívinnsla	5.105	Kanínurækt	7.383
Gæludýraverslun	10.210	Kappaksturs- og æfingabraut	10.210
Gæsluvellir	14.922	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	28.274
Harðfiskverkun	10.838	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	56.547
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	11.781	Kartöfluvinnsla - pökkun	4.320
Hárgreiðslustofur	10.210	Kexverksmiðjur	81.679
Háþrýstipvottur	10.995	Kirkjur	12.566
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	25.132	Kirkjur með safnaðarheimili með móttökueldhúsi	15.708
		Kjötpökkunarstöð	75.396
		Kjötvinnsla með reykingu, lítil	37.698
		Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	100.528
		Kjötvinnsla með reykingu, stór	218.562

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Kjötvinnsla, lítil	26.389	Málningarvöruverslanir	25.132
Kjötvinnsla, miðlungs	77.909	Meðferð og húðun málma	13.351
Kjötvinnsla, stór	126.288	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	56.547
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi <50 gestir)	23.875	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	11.624
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi <50 gestir, kaffi og kleinur)	11.938	Móttaka brotamálms	122.519
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	81.679	Myndbandaleiga	7.854
Kvikmyndahús	31.415	Mörbræðsla og tólgaframleiðsla	28.274
Kæli- og frystigeymslur	6.283	Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	39.415
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	16.493	Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	83.396
Kökugerð, lítil	23.561	Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	149.368
Kökugerð, miðlungs	28.274	Mótuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	23.561
Kökugerð, stór	46.955	Mótuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	39.415
Lagmetisöjja og framleiðsla sjávarrétta lítil	28.274	Mótuneyti með móttökueldhúsi, stórt (>100 gestir)	62.830
Lagmetisöjja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	45.698	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	15.708
Lagmetisöjja og framleiðsla sjávarrétta, stór	87.962	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaíðnaðar og áburðargerðar	7.068
Lagning gólf- og veggefna	10.995	Náttúrubaðstaðir fyrir fleiri en 500 manns	215.377
Land- og kvíældi	17.278	Niðurrif bifreiða	15.708
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	12.566	Nuddstofur	10.210
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	36.127	Offsett- og hæðarprentun	28.274
Leikhús með móttökueldhúsi	18.849	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	43.981
Leikskólar án eldhúss	12.566	Ótilgreind starfsemi	7.854
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	121.094	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	11.781
Leikskólar með móttökueldhúsi	31.415	Plastiðnaður	11.781
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m <sup>3</sup>	4.712	Prentiðnaður með framköllum	16.336
Líkamsræktarstöðvar, litlar	10.210	Prentiðnaður, lítill	13.194
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	20.420	Prentiðnaður, miðlungs	16.336
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	23.561	Prentiðnaður, stór	46.808
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	31.561	Prentsmíð	14.137
Líkamsræktarstöðvar, stórar	25.132	Prentun dagblaða	25.132
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	25.132	Pökkunarstarfsemi	21.991
Loðdýrabú	32.672	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	18.849
Læknahús með aðgerðastofum	18.849	Rafvéla verkstæði	5.105
Læknastofur	12.566	Rannsóknastofur í læknisfræði	5.105
Malar- og sandnám; vikurnám	7.068	Rekstur hafna	15.708
Markaðir	25.132	Ryðvarnarverkstæði	22.148
Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	40.672	Ræktun veiðivatna	6.283
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir) eða litlir með útseldan mat	95.962	Röntgenstofur	12.566
Matsölustaðir, stórir (>100 gestir) eða miðlungs með útseldan mat	158.792	Sala á tilbúnum mat, lítil	33.132
Matsöluvagnar	25.132	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	70.830
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	25.132	Sala á tilbúnum mat, stór	87.962
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	78.538	Sala eiturefna	61.259
Matvöruverslun án vinnslu, stór	106.811	Salatgerð	31.415
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	62.830	Saltfiskverkun	10.838
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögum, gillun á kjúklingum)	166.792	Saltvinnsla	28.274
Matvöruverslun með vinnslu, stór	175.924	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	5.498
Málmsteypa <20 tonn á dag	12.566	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	37.698
Málningar- og veggfóðurverslun	25.132	Samkomusalir með móttökueldhúsi	15.708

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Sáldprentun	28.274	Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengdir íþróttahúsum)	155.689
Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	6.283	Súkkulaði- og sælgætisgerð	43.981
Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	12.566	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	38.955
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í sjó	34.557	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	77.909
Síldarsöltun	10.838	Söluturnar án óvarinna matvæla	15.708
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	17.278	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	25.132
Sjúkraþjálfun	12.566	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	70.830
Skemmtistaðir án matsölu	12.566	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	83.396
Skemmtistaðir með matsölu	67.689	Tannlæknastofur	12.566
Skotvellir	5.498	Tannsmíðar	12.566
Skólþreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	113.094	Te- og kaffiframleiðsla	17.278
Skrúfuframleiðsla	6.283	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	8.482
Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	37.530	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	9.425
Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	48.840	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	12.566
Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	58.264	Tónlistarskólar	12.566
Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	16.336	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	11.781
Sláturhús < 50t/dag	35.813	Trésmíðaverkstæði með lökkun	13.351
Sláturhús > 50t/dag	84.192	Umboðsverslun með fisk	25.132
Slökkvilið	6.283	Varahlutaverslanir, ekki bíla	24.347
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	20.420	Vatnsveitur <1.000 íbúa	57.132
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	62.830	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	246.792
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	103.670	Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa	1.254.564
Smásala efna í flokkum X, A og B	48.693	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	294.792
Smásala með notaða muni í verslunum	24.347	Vatnsveitur, einka	5.498
Smjörflkisgerð	28.274	Veidarfæragerð, netaverkstæði	6.283
Smurstöðvar	32.986	Véla- og tækjasölur	24.347
Snyrtistofur	10.210	Vélsmiða - og vélaviðgerðaverkstæði	14.137
Snyrtivöruframleiðsla	12.173	Viðhald og niðurrif skipa	43.981
Snyrtivöruverslun	15.708	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	12.566
Sorpbrennslustöðvar	138.226	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	28.274
Sorpbrennslustöðvar með spilliefnamóttöku	188.490	Vinnsla á ferskum fiski, stór	37.698
Sorpeyðingarstöð, sorphaugar	37.698	Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (meira en 1000 tonna ársframleiðsla)	
Sorpeyðingarstöð, sorphaugar	87.962	Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (minna en 1000 tonna ársframleiðsla)	6.283
Sorpflytningar og sorphirða	31.415	Vinnsla með plast- og frauðefni	11.781
Sólbaðstofur án heitra potta	10.210	Vistheimili	
Sólbaðstofur með heitum pottum	21.991	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur.	6.283
Sólun hjólbarða	12.566	Vöruflutningamiðstöðvar	12.566
Spennaviðgerðir	28.274	Vörugeymslur, litlar	21.991
Spennistöðvar	5.105	Vörugeymslur, miðlungs	31.415
Stálsmiði og stálskipagerð	51.835	Vörugeymslur, stórar	37.698
Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúrdi og fyllingarefnum	6.283	Yogastofur, heilun o.fl.	5.105
Steinsmiði	4.398	Þvottahús	6.283
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	12.566	Þvottahús og efnalaugar	11.781
Stórmarkaðir >400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	129.094	Æfingasvæði slökkviliðs	12.566
Stórmarkaðir >400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	225.056	Ökuskólar, flugsjólar o.fl.	5.498
Sultu- og ávaxtaagrautargerð	31.415	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	5.498
Sundstaðir, litlir	55.561	Önnur menningar- og afþreyingarstarfsemi	23.561
Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	111.123	Önnur ótalin félagastarfsemi	5.890
		Önnur ótalin fiskvinnsla	18.849
		Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	31.415

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Hafnarás í landi Hafnarsels og Silfurberg og Silfurtún í landi Beitistaða.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps, 1. október 2004.*

**Marteinn Njálsson** oddviti.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

#### 1. gr.

5. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 290 20. maí 1998, orðast svo:

Þátttaka í happdrættinu felst í því að þátttakandi greiðir að lágmarki eina einingu fyrir hvern einstakan leik. Einingin getur verið 1 kr., 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. eða 50 kr. Greinilega skal koma fram á happdrættisvél hver grunneining leiks er.

Hámarksfjárhæð sem hægt er að nota í hverjum einstökum leik er 300 kr. Greiða skal fyrir þátttöku í happdrættinu með 50 kr. mynt, peningaseðlum eða með því að taka af uppsafnaðri inneign í happdrættisvél.

#### 2. gr.

1. mgr. 10. gr., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 529 22. júní 2001, orðast svo:

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happdrættisvélinni á sjálfvirkan hátt. Vinningar eru greiddir út í 50 kr. peningum. Nú eru ekki nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning, eða inneign í happdrættisvél er lægri en 50 kr., og skal þá vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, lög nr. 77 19. maí 1994 og lög nr. 127 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. október 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Fanney Óskarsdóttir.*



## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 777/2004 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII).

1. gr.

Við fylgiskjal reglugerðarinnar bætist meðfylgjandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. október 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**Fylgiskjal.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 46/2003****frá 16. maí 2003****um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Vegna breytinga sem hafa orðið ýmist á verksviði eða heitum ráðuneytanna sem bera ábyrgð á þessum málaflokkum sem og vegna nýlegra lagabreytinga í Noregi á sviði almannatrygginga og heilsugæslu er nauðsynlegt að breyta nokkrum aðlögunarliðum sem varða reglugerð (EBE) nr. 574/72 með áorðnum breytingum.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

2. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:  
„- **32002 R 0410:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).“
2. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarliði a) kemur eftirfarandi:  
„1. Sosialdepartementet (félagsmálaráðuneytið), Ósló.  
2. Helsedepartementet (heilbrigðisráðuneytið), Ósló.  
3. Arbeids- og administrasjonsdepartementet (atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytið), Ósló.  
4. Barne- og familiedepartementet (barna- og fjölskylduráðuneytið), Ósló.  
5. Justisdepartementet (dómsmálaráðuneytið), Ósló.  
6. Utenriksdepartementet (utanríkisráðuneytið), Ósló.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17.

3. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið I) kemur eftirfarandi:

„Þegar meðaltalskostnaður á ári vegna aðstoðar er reiknaður skal taka tillit til bóta sem veittar eru samkvæmt 5. kafla almannatryggingalaganna (lög frá 28. febrúar 1997), lögum frá 19. nóvember 1982 um heilsugæslu á vegum sveitarfélaga og lögum frá 2. júlí 1999 um sérhæfða heilsugæslu o.s.frv.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 410/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
817	1. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu .....	2021
818	5. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Hapdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993 .....	2021
819	5. okt.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 777/2004 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII) .....	2022-2024

